



Minnisblöð frá mars 1949

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

*Utanríkismál. Minnisblöð og minnispunktar Bjarna Benediktssonar 1947-1960:
Bréfa- og málasafn 1948
Askja 2-10, Örk 5*

THE FOREIGN SERVICE
OF THE
UNITED STATES OF AMERICA

American Legation
Reykjavik, Iceland
March 1, 1949.

Confidential

Dear Mr. Minister:

Early in January you informed me that a prominent political figure had stated that Germany had no plans for attacking Iceland during the last war.

Great quantities of German documents seized by the Allies have not been thoroughly examined. However, in the documents submitted at the Nurnberg trials published in Nazi Conspiracy and Aggression, there appears in Volume 1, Chapter IX entitled "Launching of Wars of Aggression" a document which was found in the files of the German Air Force. This is a memorandum marked top secret from a Major von Falkenstein of the General Staff who at that time was the German Air Force liaison officer with the Operations Staff of the Army. The memorandum which Major Falkenstein characterized as a "brief resume of the military questions current here" is dated October 29, 1940 and in Paragraph 5 it states: "The Fuehrer is at present occupied with the question of the occupation of the Atlantic Islands with a view of prosecution of war against America at a later date. Deliberations on this subject are being embarked upon here."

Sincerely yours

(sign) Richard P. Butrick

The Honorable
Bjarni Benediktsson,
Minister for Foreign Affairs,
Reykjavik

American Legation,
Reykjavik, Iceland,
March 9, 1949.

MEMORANDUM TO THE MINISTER FOR FOREIGN AFFAIRS:

The following was communicated to Minister Thor Thors on March 8, 1949:

"Certain information concerning the Washington discussions looking toward conclusion of the North Atlantic security arrangement has been given the Icelandic Government from time to time. On January 3 we indicated that we should be glad to receive informally any views which the Icelandic Government might wish to express concerning the form and timing of an official approach concerning this matter.

"The Norwegian Government has decided to be an original signatory of the Pact and since March 4 has been participating fully in the discussions. The Danish Foreign Minister is arriving in Washington on March 10 with a view to obtain full information concerning the pact and, we understand, that Government also contemplates being an original signatory.

"A draft text has now been agreed by the participants in the Washington discussions. It is hoped that the eight participating Government will reach agreement on it before the end of this week and that as soon as such agreement is reached, the text can be communicated to the Icelandic, Danish, Portuguese and Italian Governments. It is contemplated that the text will be made public on or about March 15. It is contemplated that about the time the text is made public it will be announced that a conference for final consideration and signature will be held in Washington about April 4, with the participation of such Foreign Ministers as wish to attend. The US Government would be gratified, and is confident that the other participating Governments would also be gratified, should the Icelandic Government desire to be an original signatory. It would, accordingly, welcome at any time a visit to Washington from any Icelandic representatives which that Government might wish to send to discuss the treaty, as the Minister has previously suggested.

"As it would be desireable to announce in the near future, possibly on March 15, which Governments were being invited to be original signatories, an early indication would be appreciated as to whether or not the Icelandic Government wishes to receive such an invitation. Should it desire an invitation, it would of course be welcome to participate in any discussions which may be held here between the time of such an invitation and signature of the Treaty."

Endanlegt

Mánudagur, 14, marz, 1949.

Kl. 2.45 f.h. fóru íslenzku fulltrúarnir ásamt sendiherra, Thor Thors, á fund utanríkisráðherra, Dean Acheson, í State Department. Voru á þeim fundi einnig viðstaddir Mr. Bohlen, Counselor of the State Department, Mr. Hickerson, forstjóri Evrópuðeildarinnar, og Mr. Hulley, forstjóri Norður-Evrópuðeildarinnar.

Bjarni Benediktsson óskaði Acheson til hamingju með hið þýðingarmikla embætti og minntist á velvild hans til Íslands, og skýrði síðan frá því, að ráðherrarnir væru komnir til Washington til þess að kynna sér efni hins fyrirhugaða Atlantshafs-sáttmála. Sagði hann, að Ísland væri mjög hlynnt náinni samvinnu við hin vestrænu lýðræðisríki, en hinsvegar hefði Ísland þá sérstöðu, að hvorki hefði það eigin her né gæti haft né heldur gæti komið til greina, að útlendur her fengi að hafa þar aðsetur á friðartínum, og gilti það sama einnig um herstöðvar. Væri þess vegna ekki ljóst, hvort rúm væri fyrir Ísland meðal samningsríkja.

Dean Acheson minntist á góða samvinnu sína við Ísland áður fyrr og sagði, að hann vildi taka skýrt fram, að Bandaríkjastjórn myndi ekki reyna að hafa nein áhrif á íslenzku ríkisstjórnina varðandi þátttöku í samningnum, og væri það mál, sem Íslendingar sjálfir yrðu algjörlega að ákveða. Hinsvegar vildi hann að sem ljósastar upplýsingar lægju fyrir til þess að íslenzka stjórnin gæti á grundvelli þeirra tekið endanlega afstöðu til málsins. Rakti hann efni samningsins. Fyrsta grein væri um friðsamlega úrlausn deilumála í samræmi við sáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Í annarri grein væri

yfirlýsing þess efnis, að öryggi aðilanna yrði bezt eflt með því að treysta grundvallarreglur lýðræðisins, því að ljóst væri, að lýðræðisríki myndi aldrei geta hafið árásarstrið. Priðja grein gerði ráð fyrir viðeigandi ráðstöfunum aðilanna til þess að efla möguleika hvers fyrir sig og allra í sameiningu til að standast vopnaða árás. Framkvæmdin á þeirri grein yrði eftir atvikum; þannig myndi t.d. ríki, sem aldrei hefði haft her ekki þurfa að mynda hann nú. Gert væri hinsvegar ráð fyrir því, að hvert ríki legði það af mörkum, sem hægt væri að ætlast til af því með sanngirni, en ljóst væri t.d., að ekki kæmi til mála, að neitt samningsríki óskaði að hafa her í öðru þáttökuríki á friðartímum eða herstöðvar. Í fjórðu grein væri gert ráð fyrir því, að aðilar bæru ráð sín saman ef öryggi einhvers þeirra væri í hattu. Í fimmtu grein væri því lýst yfir, að vopnuð árás á einn aðila væri jafnframt vopnuð árás á alla hina. Væri það í algjöru samræmi við fimmtugustu og fyrstu grein sáttmála S.P., þ.e. "collective self defense".

Sagði Acheson, að samkvæmt samningnum myndi hver aðili gera þær ráðstafanir, sem hann teldi nauðsynlegar, þar á meðal hernaðarráðstafanir. Sú spurning hefði risið, hvort t.d. Danmörk myndi þurfa að lýsa stríði á hendur því ríki, sem réðist á Alaska, en engin slik skuldbinding fælist í samningnum. Það væri tvímeala-laust á valdi hvers aðila að ákveða sjálft bona fide, hvað það gæti og vildi gera eftir atvikum. Þá væri og í samningnum yfirlýsing um það, að ekkert ákvæði hans bryti í bága við sáttmála S. P., enda skyldu ráðstafanir samkvæmt honum einungis gerðar meðan Öryggisráðið gæti ekki gert nauðsynlegar aðgerðir. Loks

væri tekið fram, að samningurinn skyldi gilda í 20 ár, en gert væri ráð fyrir því að endurskoðun gæti farið fram að 10 árum liðnum.

Bjarni Benediktsson spurði hvort það væri rétt skilið, að hvert ríki ákvæði algjörlega sjálft hvaða ráðstafanir það vildi gjöra ef um vopnaða árás væri að ræða, eða hvort hinir aðilarnir gætu haft einhver áhrif í því efni. Acheson sagði, að ráðið (Council) gæti gert tillögur um það, hvað aðskilegt væri að hvert ríki gerði, en hver aðili myndi ákveða endanlega sjálfur, sbr. orðin "which it deems necessary". Hinsvegar yrði sú ákvörðun auðvitað að vera bona fide. B. B. sagði, að svo virtist, sem Ísland myndi aðeins þurfa að athuga hvort það gæti látið "facilities" í té á styrjaldartínum. Hickerson sagði að auðvitað myndi ráðið geta mælt með því, að einhver ákveðin "facilities" væru fyrir hendi "in case of emergency".

Acheson skýrði frá því, að í ályktun Bandaríkjabings væri tekið fram, að svæðissamningar eins og þessi væru aðskilegir því að nauðsynlegt væri, að þau ríki, sem hyggðu á árásir gerðu sér fullkomlega ljóst fyrirfram, hvaða afleiðingar það myndi hafa. Væri jafnvel gert ráð fyrir því, að ef slíkir samningar hefðu verið fyrir hendi fyrr, hefðu þeir getað komið í veg fyrir heimsstyrjaldirnar tvær.

B. B. sagði að andstæðingar samningsins á Íslandi myndu segja að ef ekki væri til þess ætlast, að Ísland hefði her eða herstöðvar á friðartínum, myndi Ísland einungis verða hinum aðilunum til byrði; hlyti þessvegna eitthvað annað að vera á bak við.

Acheson áleit að til andsvara væri hægt að benda á það, sem hann áður hefði sagt, þ.e., að nauðsynlegt væri að væntanlegt árásar-

ríki gerði sér grein fyrir því, að með árás á Ísland væri jafnframt ráðist á alla hina samningsaðilana, og þá einnig fyrir því, að Ísland væri ekki "available" fyrir árásarríki.

B. B. benti á að sumir mundu segja að með páttöku í þessum samningi mundi Ísland vera í enn meiri hættu statt, en ef það segði berum orðum, að ekkert ríki gæti fengið "facilities" á Íslandi. Þá væri einnig spurning um það, hvort hægt sé að verja Ísland án mikils undirbúnings, því hugsanlegt væri, að Rússar mundu geta hafið strið á Íslandi. Acheson viðurkenndi að þetta væri þýðingarmikil spurning, en Ísland yrði auðvitað að gera sér grein fyrir svarinu á grundvelli þeirrar reynslu, sem fyrir lægi, því að sýnt væri að hingað til hefðu ríki ekki getað haldið sér utan við styrjaldir með hlutleysi, t. d. Danmörk, Noregur, Holland og Belgía, --- og jafnvel Ísland í síðasta striði. B. B. spurði hvort ekki myndi taka töluverðan tíma að koma herliði til Íslands ef á þyrfti að halda. Hickerson svaraði því þegar til, að þeirra eigin interessa væri svo mikil, að þeir mundu þegar í stað senda lið og það væri hægt á mjög skömmum tíma. Að öðru leyti var um það talað, að rétt væri, að sérstakar umræður færðu fram um það við aðila, sem vit hefðu á þeim málum. Fleira gerðist ekki á þessum fundi, en ákveðið var að hafa framhaldsfund með þeim Bohlen, Hickerson og Hulley. Á þeim fundi var afhent afrit samningsfrumvarpsins, en sem algert trúnaðarmál.

Á framhaldsfundinum sagði B.B. að nauðsynlegt væri að upplýsa betur ákvæði þriðju greinar. Ljóst myndi, að Ísland hefði

úrslitaráðin, en spurning væri hvernig færi, ef Ísland neitaði að að láta í té aðstoð, sem hinum aðilunum þætti sanngjarnt að látin yrði í té. Bohlen lagði áherzlu á, að hér væri fyrst og fremst um móral ska yfirlýsingu að ræða þess efnis, að ríki vildu standa saman, en jafnframt væri gengið út frá því, að hver aðili gerði það, sem hann gæti, eftir því sem sanngjarnt mætti teljast. Ef hins vegar væri neitað um aðstoð gætu hin ríkin ekkert gert við því frá lagalegu sjónarmiði, og væri t. d. ljóst, að ekki væri hægt að bera málid undir dómstól. B. B. benti á, að Keflavíkursamningurinn væri gerður til tiltekins árabils, og spurning væri hvort það mundi leiða af ákvæðum priðju greinar, að Ísland mundi purfa að fallast á áfram-haldandi gildi hans að efni til eða formi. Hickerson sagði að ef til vill mundi ráðið (Defense Committee) álíta að nauðsynlegt væri, að tiltekin "facilities" væru fyrir hend í, en það mundi þá leiða af þessum samningi en ekki hinum. Ísland mundi þá geta annaðhvort séð um það atriði sjálft eða fengið aðstoð annarra aðila til þess. B. B. spurði hvort nokkur önnur svæði á Íslandi en Keflavíkurvöllurinn myndu koma til greina, og var því svarað, að áhugi mundi fyrir því, að mannvirkin í Hvalfirði fengju að standa. B. B. spurði hvort það gæti komið til, að Ísland byrfti að segja öðru ríki strið á hendur, en Bohlen sagði að því mundi Ísland ráða sjálft. B.B. spurði þá hvað væri átt við með orðunum "including the use of armed forces" í fimmtu grein. Sagði Bohlen að átt væri við, að samningurinn taki einnig til hernaðar aðgerða, en það færi eftir atvikum hvort til þeirra kæmi. T. d. myndu þær ekki koma til greina af hálfu ríkis, sem engan her hefði. B. B. spurði hvort það gæti komið til greina,

að Ísland yrði beðið um að leggja til togara og menn til ákveðinna starfa í sambandi við samninginn, og sagði Hickerson pá, að ef til vill væri það ekki alveg óhugsanlegt, að ráðið mundi gera einhverjar tillögur í þá átt ef það þætti sanngjarn. B. B. lét þegar uppi, að á slikt mundi ekki fallizt af Íslandi, enda væru togararnir helztu framleiðsluteki landsmanna, sem útilokað væri að vera án. Síðan lagði Eysteinn Jónsson sérstaka áherzlu á, að slík ráðstöfun togaranna kæmi alls ekki til greina. Bohlen svaraði því til, að um þetta mundi Ísland hafa úrslitaráðin, og sagði að allir aðilar gerðu sér grein fyrir því, að Ísland hefði sérstöðu. Að líkindum myndi ekki verða til annars ætlast af Íslandi en þess, að ákveðin "facilities" væru fyrir hendi. Hickerson sagði, að hlutur Íslands yrði sennilega mjög svip-
aður og í síðasta stríði. B. B. spurði þá, hvort Ísland mundi geta gert sérstakan formlegan fyrirvara við samnings undirskrift um það, að Ísland hefði engan her og sérstöðu þess að öðru leyti bæri að virða. Bohlen og Hickerson töldu að slíkur fyrirvari mundi vera mjög óheppilegur, því að ýms fleiri ríki mundu þá vilja gera fyrirvara. Hins vegar væri óparft að gera slikan fyrirvara, því að aðilarnir væru sammála um sérstöðuna. Ísland myndi eiga fulltrúa í ráðinu, og myndu fulltrúar U. S. og Bretlands hafa fulla samvinnu við hann um þetta, enda hefði Ísland sjálft úrslitaráðin um, hvað það gerði. Hickerson bætti því við, að hann hefði unnið að samningnum frá því í júlí, og hefðu allir aðilar gert sér grein fyrir sérstöðu Íslands.

Bohlen ræddi nokkru nánar um hugsanlegan hagnað Íslands af því að vera hlutlaust og benti á, að Rússar myndu ekki á nokkurn hátt virða þá afstöðu, því að þeir legðu ekkert upp úr hlutleysi, og

teldu óvinalandið byrja fyrir utan sín eigin landamæri.

Eysteinn Jónsson tók fram, að af Íslands hálfu myndi aðalatritið vera það, að erlendur her eða herstöðvar á Íslandi á friðartínum kæmu ekki til greina. Sagði hann, að nauðsynlegt væri að fá uppgefið hverskonar "facilities" tillagna mætti vænta um. Ennfremur, að það sem gert væri á friðartínum á Íslandi yrði að vera gert undir stjórn og umsjá Íslands. Hætt væri við, að sagt yrði af andstæðingum samningsins, að hverskonar undirbúningur mundi auka hættu á árás. Bohlen sagði að væntanlega mundi verða um það að ræða að tryggt væri, að Keflavíkurflugvöllur yrði tiltækur "in emergency" og sagði að vernd Íslands mundi aðallega koma fram í því, að bandalags aðilarnir myndu áður en strið hafist hafa ráð yfir loftleiðum og siglingaleiðum til Íslands fremur en með viðbún-adi í landinu sjálfu. B. B. sagði, að sú röksemd væri einnig til, að Ísland væri svo þýðingarmikið fyrir U. S. og U. K., að þau myndu koma til hjálpar ef ráðist væri á Ísland. Væri því ef til vill ekkert aukið öryggi með þáttöku í samningnum. Bohlen sagði þá, að Rússar mundu ef til vill skáka í því skjóli, að ekki væri um þetta vitað ef Ísland væri ekki aðili, eða minnsta kosti gæti tekið töluverðan tíma að fá úr því skorið. Ísland mundi þá heldur ekki hafa aðstöðu til að fylgjast með ráðagjörðum hinna aðilanna né hafa áhrif á þær, og aðstoðina við Ísland yrði að framkvæma eftir að árás hefði átt sér stað. Lagði hann enn á ný áherzlu á að hér væri um að ræða samvinnu friðsamra þjóða gegn yfirlægningi, og að nauðsynlegt væri, að árásarríki byrfti engum blöðum um það að fletta hver afleiðing árásar yrði.

Eysteinn Jónsson hreyfði því, hvort hugsanlegt væri, að Ísland stæði utan við samninginn með tilliti til þess hve Ísland gæti lítið lagt til málanna, en lýsti því yfir, að það myndi láta í té viss hlunnindi ef til árásar kæmi. Gegn þessu mundi svo U. S. og U. K. lýsa því yfir, að árás á Ísland mundi jafnframt vera talin árás á þau. Bohlen taldi á þessu öll tormerki, og Hickerson tók undir þau, og bætti við, að þá væri í raun réttri um annað bandalag að ræða, sem hvorugum aðila mundi auðveldara að eiga við eða fá framengt. Ennfremur kom fram, að einhliða ábyrgðar yfirlýsing Bandaríkjanna fyrir Ísland mundi ekki fáanleg. B. B. benti á, að ef skýrt væri frá því á Íslandi, hvaða álit Bandaríkin hafa á sérstöðu Íslands, myndu hinir aðilarnir ef til vill koma með sömu röksemdirnar eins og um formlegan fyrirvara væri að ræða, en Hickerson sagði að allir ~~á~~ aðilar hefðu verið sammála um sérstöðu Íslands. Bohlen sagði að aðal atriðið fyrir Ísland væri, hvort nauðsynlegt væri að hafa "facilities" fyrir hendi til þess að tryggja öryggi landsins. Sú spurning myndi rísa hvort sem Ísland væri aðili samningsins eða ekki. Hickerson létt uppi að Bandaríkjunum mundi ekki síður umhugað um "facilities" á Íslandi þó að Ísland yrði ekki samningsaðili.

Að lokum spurði B. B. hvort álitið væri nú, að um "emergency" væri að ræða, þar sem ráðgert væri að undirskrifa samninginn innan skamms, en Bohlen sagði, að einungis væri um eðlilega þróun að ræða, því að umræður hefðu átt sér stað um eins árs skeið. Þá var og upplýst, að Eire hafi sett það sem skilyrði fyrir þátttöku, að allt Írland yrði sameinað. Óvist væri um Portúgal, en það ríki hefði sýnt áhuga fyrir málinu og borið fram vissar spurningar.

Fleira gerðist ekki á fundinum nema það, að ákveðið var
að næsti fundur skyldi haldinn daginn eftir kl. 10.30 f.h.

Priðjudagur, 15. mars, 1949.

Fundur hófst í State Department kl. 10.30 f.h. Voru þar við-staddir Mr. Bohlen, Mr. Hulley, st Mr. Hickerson og Mr. Bream, sem allir höfðu verið á fundinum dagimáður, en auk þeirra Major Gen. Anderson úr flughernum, og Admiral Woolridge frá flotanum. Fundurinn hófst með því, að Mr. Hickerson sagði að fulltrúar hers og flota væru mættir á fundinum til þess að gefa upplýsingar um öll þau atriði hernaðarlegs eðlis, sem ráðherrarnir vildu kynna sér og lagði hann ríka áherzlu á, að rétt væri að ráðherrarnir spyrðu um öll þau atriði, sem þeir álitu hafa þýðingu, ~~þannig að engin vafamál yrðu eftir að fundinum loknum.~~ Bjarni Benediktsson sagði að þýðingarmesta spurningin, sem athuga þyrfti á þessum fundi væri sú hvort hægt væri frá hernaðar sjónarmiði að gefa Íslandi "reasonable security" án þess að erlendur her eða herstöðvar væru á Íslandi á friðartímum ef einhver "facilities" eins og talað var um daginn áður væru fyrir hendi á ófriðartímum. Spurning væri hvort til mála gæti komið að árásarríki gæti tekið Ísland ~~á~~ nokkuð yrði við því gert. Við athugun á þeirri spurningu yrði að ganga út frá því, að Ísland hefði sjálfst engan her og nauðsynlegt væri að upplýsa hversu fljótt ~~(Bundaríkin myndar getan)~~ ráðstafanir til að bægja árás frá Íslandi.

Mr. Hickerson sagðist skilja málid þannig, að Ísland hefði engan her, en ef Ísland gerðist aðili að samningum myndi verða gert ráð fyrir vissum "facilities" á Íslandi, og hugsanlegt væri að einmitt þau "facilities" gætu ~~ef~~ til vill orðið til þess að auka árás-hættuna. Spurning væri því hversu langan fyrirvara mundi þurfa til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til aðstoðar og varnar, og lagði hann

Högglaðst um undi og
vera varða heast at
mínba miða hettuna met þau
at kala (latadeildin i örnum við land)

málið pannig fyrir Gen. Anderson. Sagði Gen. Anderson, að Bandaríkin ~~lega~~
hefðu væru fyrst og fremst áhuga á "preventive" ráðstöfunum í sambandi við ~~þriðj~~
Ísland, pannig, að hægt væri að sjá um að önnur ríki gætu ekki ~~xx~~ tekið
Ísland og væri vonast til þess, að um einhvern fyrirvara mundi vera
að ræða ("advance warning"). Árásarlið gæti komið sjóleiðis eða loft-
leiðis, og yrðu Bandaríkin að hafa nákvæmar ráðagerðir um það fyrir-
fram hvað gera skyldi. Benti hann á, að tilraunir með jet-flugvélar
hefðu sýnt að skjótar aðgerðir væru framkvæmanlegar. Hickerson sagði
að Ísland væri svo þýðingarmikill staður frá hernaðar sjónarmiði, að
sérstaklega vel mundi verða fyglst með allri árásarhættu, sem beindist
gegn því. Admiral Woolridge taldi að venjulega væri fyrirsjáanlegt
um nokkurt skeið, þegar styrjöld væri um það bil að byrja, og ef ákveð-
inn "facilities" væru fyrir hendi og nákvæmar ráðagerðir um það, hvernig
þau skyldu notuð myndi verndin verða mun auðveldari en ella. Thor Thors
benti á, að ekki hefði árásin á Pearl Harbor verið talin nægilega
fyrirsjáanleg til þess að virkar aðgerðir hefðu komið þar að haldi.
Admiral Woolridge sagði að fyrirsjáanlegt hefði verið, að Japan myndi
gera árás um það leyti sem varð, en hinsvegar hefði ekki verið talið
líklegt, að ráðist yrði á Pearl Harbor.

Bjarni Benediktsson spurði hvort hugsanlegt væri, að Rússar
gætu sett lið á land með kafbátum, og sagði Admiral Woolridge að það
gæti komið til mála, en þó gæti ekki verið um mikið lið að ræða. Þá
myndi og erfitt að koma nauðsynlegum vistum til slíks liðs. Væri
miklu líklegra að ef til flutnings liðs kæmi myndi flugleiðin verða
notuð. Gen. Anderson taldi óliklegt að Rússar myndu senda lítið lið
ef til kæmi, því gerðu sér fyllilega grein fyrir því, hversu mikla
mikla þýðingu Ísland hefði fyrir Bandaríkin og Bretland, og að mikið

lið mundi þurfa til að geta haldið landinu, svo mikið að varla kæmi til greina að hægt væri að flytja það flugleiðis. Sagði hann, að ~~xxxi~~ ~~xxxix~~ ~~xxxx~~ að mikilsvert væri að vara sig á fylgismönnum Rússa á Íslandi því að líklegt væri að Rússar myndu gera ráð fyrir stuðningi þeirra í sínum ráðagerðum, og taldi hann að alhathuna fagni önnugjá Bjarni Benediktsson spurði hvort Íslendingar mundu sjálfir geta eyðilagt "facilities" á stuttum tíma ef á þyrfti að halda, og var talið að svo væri. Þá sagði Gen. Anderson að Bandaríkin mundu hafa tilbunar flugsveitir hvenær sem á þyrfti að halda til verndar Íslandi. (sbr. það sem áður var sagt um jet-flugvélar). Bjarni Benediktsson sagði að erfitt mundi vera fyrir Ísland að koma í veg fyrir árás, enda þótt "facilities" væru eyðilögð. Sagði Gen. Anderson að Bandaríkin myndu líklega hafa sínar sveitir tilbunar, annaðhvort við Goose Bay eða á Grænlandi, en árás Rússa mundi líklega koma frá Northen Fiordland. Benti hann og á, að Rússar myndu ekki geta móðurskip án vitundar Bandaríkjanna, og gætu þau gert virkar ráðstafanir gegn sliktu aðgerðum. Admiral Woolridge vék aftur að spurningunni um liðflutning með kafbátum og sagði að Rússar mundu líklega geta sent um 1600 manns með þeim hætti, og væri það auðvitað nögu sterkt lið til að Íslendingar gætu ekki ráðið við það. Bjarni Benediktsson sagði að þá væri ljóst, að Rússar gætu sett lið á land á Íslandi, og eyðilagt þau "facilities", sem fyrir hendi væru. Gen. Anderson kvað það vera rétt, og að slíkt lið myndi vera hægt að senda með kafbátum, flutningaskipum og flugvélu. Hinsvegar kvaðst hann álíta, að "airborne attack" Myndi áreiðanlega ekki vera þeskileg aðferð frá sjónarmiði Rússa. Bjarni Benediktsson vék að því, að síðastliðið sumar hafi stór rússneskur síldarfloti komið til Íslands og hafi þar verið um myjög grunsamlegt athæfi að ræða.

Eitt skipanna hafi brotið í bág við íslenzka landhelgislöggjöf og að-spurður hafi skipstjóri þess upplýst, að hann ~~XXXX~~/aldrei fengiðst við fiskiveiðar fyrr, heldur starfað í rússneska flotanum. Væri því hugsanlegt, að með þessum hætti gætu Rússar undirbúið árás. Gen. Anderson sagðist hafa haft upplýsingar um þennan flota.

Admiral Woolridge sagði að ef strið kemni eða væri ~~autitut~~ ~~í vísute~~ ~~bæði~~ myndu Rússar reyna að ná Íslandi og væri ~~innan~~ ~~veru~~ eina, orugga leiðin sú, að hafa þar fyrir hendi "adequate forces" til að koma í veg fyrir að það tækist. Hickerson minnti á að Bohlen hefði daginn áður sagt að Rússar legðu ekkert upp úrr hlutleysis hugtakinu, heldur hugsuðu einungis um væntanlegar afleiðingar tiltekinna atburða. Væri því enginn vafi á því, að öryggi Íslands myndu stórum aukast við það, að Rússar gerðu sér grein fyrir því, svo að eigi yrði um villst hvaða afleiðingar árás á Ísland mundi hafa fyrir þá. Þá minnti hann og á spurningu B.B. frá deginum áður um það hvort ráðgert væri að einhverjar breytingar yrði að gera á þeim "facilities", sem nú væru fyrir hendi á Íslandi (sbr. 9. grein samningsins), og spurði nú herfræðingana hvort það væri rétt skilið, að líklega myndu ~~þær~~ verulegar breytingar ~~verða~~ ~~á~~ því. Sagði þá Gen. Anderson að ekki myndi vera um neinar "material" breytingar að öðru leyti en því, að ráðgert væri að brýn þörf væri fyrir eldsneytisgeymslu, sem rúmað gæti 100 þúsund tunnur. Hinsvegar væri ráðgert að eyða um 11 miljónum dollara á þessu ári og svipaðri upphæð árið 1950, ~~þer~~ ~~skráði~~ ~~þær~~ ~~sauði~~ en sú upphæð myndi fara í byggingu slökkvistöðvar íbúðahverfa (líklega 116 units), sjúkrahús, nýtt flugvélaskýli, en um það hefði verið rætt áður. Væri ekkert annað nýtt í þessum ráðagerðum en eldsneytisgeymslan.

Bjarni Benediktsson sagði að öllum kæmi saman um, að Ísland væri þýðingarmikið frá hernaðar sjónarmiði. Spurning væri þá, hvort gert væri ráð fyrir "árásarflugvelli" á Íslandi, eða hvort einungis væri um "flutningaflugvöll" að ræða. Sagði þá Gen. Anderson, að ýmsir aðrir flugvellir t.d. í Bretlandi og víðar, mundu verða miklu heppilegri sem "árásarvellir" og væri ekki reiknað með Keflavíkurvellinum til þeirra hluta, nema ef um "emergency" væri að ræða, svo og til árásar á kafbáta. B.B. benti á, að það mundi hafa mjög mikla þýðingu ef hægt væri að skýra frá því á Íslandi, að aðrir vellir væru ætlaðir til árása (Bohlen skaut því inni, að ~~þaun~~ og veru myndi ekki vera ~~um~~ árásir að ræða, heldur einungis varnar-aðgerðir). Einnig yrði að gera sér ljóst grein fyrir því, að meira en hælmingur íslenzku þjóðarinnar býggi í nágrenni Keflavíkurvallarins. Ef Rússar reyndu að eða Reykjavíkurhöfn ná vellinum/gætu þeir því gert mikið tjón á fólk. Ef Ísland yrði aðili að samningnum myndi þurfa að gera ráðstafanir til að auka öruggi Reykjavíkur. Spurði hann því næst hvort hugsanlegt væri, að fallhlífarhermenn kæmu ~~frá~~ Ísland, ef Rússar gætu ekki notað vellina. Áleit Gen. Anderson að það væri hugsanlegt, en myndi vera "very unprofitable". Bætti hann því við, að mjög hættulegt mundi verða fyrir Rússa að lenda á völlunum, og ef Rússar flyttu lið til Íslands myndi það líklega verða fallhlífarhermenn. Admiral Woolridge sagði að Island hefði sérstaklega mikla þýðingu fyrir Rússa, og myndu/því ef til vill reyna að senda lið til Íslands, t. d. á pennan hátt, eða með kafbátum. General Anderson sagði þá, að ekki gæti komið til mála að láta Rússa halda Íslandi ef þeir ~~næðu~~ þar fótfestu, og aðspurður af Thor Thors, sagði hann að þetta gilti hvort sem Ísland væri aðili

að samningnum eða ekki.

~~toldu þíð um aðgerðum fyrir sín að fela~~ Eysteinn Jónsson spurði hvort komið gæti til mála að Rússar gátu tekið Ísland og haldið því í nokkra daga. Gen. Anderson sagði þá að næsta stríð myndi að líkindum verða mjög frábrugðið fyrri stríðum, þannig, að látlausar loftárásir mundu eiga sér stað fyrstu vikurnar, og myndu Rússar hafa í mörg horn að líta. Mundu þeir þurfa að hugsa um Sues, Bretland, Japan, Alaska og fleiri slika staði á undan Íslandi. Eysteinn Jónsson spurði hvort mesta hættan mundi ekki vera fólgin í hugsanlegum skyndiárásum (raids). Admiral Woolridge sagði að enda þótt Rússar myndu auðvitað gera sér grein fyrir "strategic priorities" væri þó hugsanlegt, að þeir mundu jafnframt öðrum aðgerðum senda lið til Íslands, t. d. með kafbátum. ~~Eysteinn Jónsson~~ kvaðst álíta mjög ólíklegt, að Rússar gætu gert sér vonir um að halda Íslandi og þess vegna væri líklegast, að þeir mundu senda árásarlið til þess að eyðileggja "facilities".

Bjarni Benediktsson sagðist álífa að ef Rússar næðu fótfestu á Íslandi, væri ekki víst, að auðvelt væri að koma þeim þaðan aftur, og hefði reynsla Noregs í síðasta stríði verið lærðómsrík um það atriði. Sagðist hann í stuttu máli skilja aðstöðuna þannig, að "reasonable possibilities" væru fyrir hendi um að takast myndi að verja Ísland, enda þótt erlendur ^{her} væri þar ekki á friðartímum. Sagði Gen. Anderson þá, að auðvitað myndi mikla sterkara aðstaða skapast ef her væri þar fyrir hendi, en Bohlen spurði þá hvort hitt væri ekki rétt skilið, að enda þótt einungis "facilities" væru fyrir hendi væri sennilegt að takast myndi að verja landið. Játaði Anderson því, og benti á, að flotadeildir og flugsveitir gætu verið í nágrenninu.

debi mi am

Bjarni Benediktsson spurði hvort Ísland hefði meiri hernaðar þýðingu
~~vegna aukina flugtakni~~ ~~toldi~~ ~~hvort á móti, at~~ ~~þigðinum væri~~
nú en áður, ~~og~~ ~~toldi~~ Anderson ~~svo~~ ~~vera vegna aukinnar flugtækni.~~ ~~mei ri~~
~~ni en~~

Admiral Woolridge vék nú að því að miklu meira tjón mundu af hljótast en ella ef til þess þyrfti að koma að taka Ísland aftur frá Rússum, begar þeir hefðu fengið þar fótfestu. Þess vegna væri aðalatriðið að sjá um að ekki gæti komið til þess, að Rússar tækju Ísland. Hins vegar væri útilokað að byggja á því að Rússar mundu ekki hafa hug á að taka Ísland ef þeir hefðu færi á því. Eysteinn Jónsson spurði hvort

~~hva~~ líklegt væri, að Bandaríkin mundu vita um það fyrrifram ef Rússar hyggðu á skyndi ~~má~~ás á Ísland, og sagði þá Admiral Woolridge, að slíkar ráðagerðir mundu standa á nánu sambandi við ýmsar aðrar aðgerðir, og myndu Bandaríkin vita, t.d. með eimis, tveggja eða ~~þriggja~~ í samræmi við samninginn. briggja mánuða fyrirvara hvað til stæði, og haga sér eftir því.

Sagði ~~því~~ þá Eysteinn Jónsson, að auðvitað væri mikil hætta fólgin í því fyrir Ísland ef skyndiárás gæti átt sér stað fyrvaralaust. ~~xx~~ Spurði Bjarni Benediktsson hvort hugsanlegt væri að Rússar gætu tekið Ísland nú, þar sem samningurinn, eða ráðstafanir í framhaldi af honum lægju ekki fyrir, og sagði Woolridge, eð engar ráðstafanir hefðu verið gjörðar "to meet that situation", en benti á að Bandaríkin mundu fylgjast með herflutningum og öðrum slökum ráðstöfunum Rússa. ~~og enda bótt að fyrirvari mundi vera fyrir hendi~~

Bjarni Benediktsson spurði hvort ekki væri rétt, að ef Rússar hyggðu á innrás í Bandaríkin, þá mundi leið þeirra liggja um Alaska, Grænland eða Ísland, og var Woolridge sammála því. Eysteinn Jónsson spurði hvort ~~auðvila~~ mundi verða að ~~ekki~~ leggja Reykjavíkur-og

Verga spenningum a

Keflavíkur flugvellina frá stöðvum í Rússlandi, og sagði Gen. Anderson, að ekki væri vitað nákvæmlega um flugþol rússneskra flugvéla, en líklega mundi sá möguleiki vera fyrir hendi. Spurði þá Eysteinn Jónsson hvort orstuflugvélar með stöðvum í Grænlandi myndu koma að ~~fulltrúi~~ ^{á vegum} Ísland. Sagði þá Gen. Anderson, að það mundu þær ekki gera, og myndi vera heppilegra að mta vélar frá stöðvum, t.d. í Bretlandi. Spurði Eysteinn Jónsson hvort hægt myndi að stöðva (intercept) lofthersveit á leið til Íslands, en Gen. Anderson sagði, að ef um stóra sveit væri að ræða, væri það hæpið, og myndu einhverjar vélanna sleppa. Spurði þá Eysteinn Jónsson hvort Bandaríkin mundu geta notast við flugvélar frá móðurskipum, og sagði Woolridge, að það væri hægt, ~~en gera þyfti ráðstafanir til að skip hefðu aðgang að eldaneyti og vistun.~~ Bjarni Benediktsson sagði að ef til vill væri nauðsynlegt fyrir Ísland að hafa varðlið á Keflavíkurvellinum og í Hvalfirði til að koma í veg fyrir að ~~happið~~ ^{sínum meðverkunum} gætu látið til sín taka á þeim stöðvum og áleit Anderson það mjög æskilegt og myndu Bandaríkin reiðubúin til að gefa ráðleggingar í þeim eftir óskað. Sagði Woolridge að yfirleitt væri æskilegt að viðbúnaður væri fyrir hendi á Íslandi, t.d. að til væru kafbátanet til að leggja fyrir hafnir, ~~managunar~~ ^{eftir ekki} ~~þyfti til~~ ^{bess að kona að} ~~þáttar~~ ~~þáttar~~ ~~þáttar~~ ~~þáttar~~ ~~þáttar~~. Bjarni Benediktsson benti á, að Ísland hefði einungis löggreglulið 150 manna, og erfitt gæti orðið að koma upp nægilegu varðliði. Kommúnistarnir mundu líklega geta tekið völdin með ofbeldi, og þó að aðrir myndu snúa gegn þeim, þá mundi það þó taka tíma. Spurði þá Anderson hvort ekki væri hægt að skipuleggja starfsemi annarra en kommúnista, en B.B. sagði að Íslendingar væru að eðlisfari flestir aðgjörlega frábitnir öllu ofbeldi, og myndu aldrei taka

